

## REGLUGERÐ

### um holræsi á Kópaskeri í Presthólahreppi, Norður-Dingeyjarsýslu.

#### 1. gr.

Þegar Presthólahreppur hefur látið leggja holræsi í veg, götu eða annað opið svæði, er þeim húseigendum, er eiga hús að eða í námunda við og í holræsið geta náð, skylt að leggja á sinn kostnað ræsi frá húsinu, er flytji allt skólþ frá því út í aðalræsið. Regnvatn af húsum skal einnig, ef unnt er, leiða í ræsið. Vanræki einhver að láta gera holræsi frá húsi sínu í aðalræsi, innan hæfilegs frests, sem hreppsnefnd setur, getur hreppsnefndin látið vinna verkið á kostnað húseiganda.

#### 2. gr.

Öll framkvæmdastörf, sem aðalholræsakerfi hreppsins varða, svo sem viðhald, viðauka, endurbætur og umsjón alla, annast hreppsnefnd eða maður, sem hún felur það. Þóknun fyrir þau störf og einnig reikningshald eða annað vegna holræsanna, ákveður hreppsnefnd.

Engum er heimilt að leggja ræsi í aðalræsi, nema að fengnu leyfi framangreindra aðila, og er mönnum skylt að hlíta fyrir mælum þeirra um gerð og legu ræsis og annað það, er máli skiptir í þessu sambandi.

#### 3. gr.

Kostnaður allur við holræsakerfið, þar með talið viðhald, greiðist úr hrepps-sjóði. Til að standast þann kostnað ber hverjum húseiganda, sem á hús að eða í námunda við götu, veg eða opið svæði, sem holræsi er lagt í, að greiða tengigjald um leið og hann tengir ræsi sitt við aðalræsi, sem nemur kr. 1 000.00, miðað við hús með einni íbúð. Hækkar gjald þetta um kr. 400.00 fyrir hverja íbúð í húsinu umfram eina.

Auk tengigjalds greiði hver húseigandi holræsagjald til Presthólahrepps krónur 150.00 af húsi, en kr. 75.00 á íbúð í húsi umfram eina, og enn fremur 0.05% — hálfþ promille — af hinu opinbera fasteignamati húss eins og það er reiknað á hverjum tíma.

#### 4. gr.

Hið árlega holræsagjald svo og tengigjaldið getur hreppsnefnd hækkað eða lækkað eftir atvikum um allt að 50% án staðfestingar ráðuneytisins.

#### 5. gr.

Holræsagjaldið greiðist af húseiganda og er hann einn ábyrgur fyrir greiðslu þess gagnvart hreppsnefnd.

Kröfur, sem hreppsnefndin kann að öðlast samkvæmt reglugerð þessari má taka lög taki á kostnað gjaldanda, og eru gjöld þessi tryggð með lögveði í húseign-

inni í næstu tvö ár eftir gjalddaga, með forgangsveðrétti fyrir hvers konar sammings- og aðfararveði.

Gjalddagi holræsagjalds og innheimta fer með sama hætti og um fasteigna-skatt.

### 6. gr.

Mál út af brotum gegn reglugerð þessari skal farið með sem opinber mál

Reglugerð þessi, sem hreppsnefnd Presthólahrepps hefur samið og samþykkt samkvæmt lögum nr. 15 20. júní 1923, staðfestist hér með til að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Jafnframt fellur úr gildi reglugerð nr. 225 frá 20. desember 1961 um holræsi á Kópaskeri í Presthólahreppi.

*Félagsmálaráðuneytið, 17. október 1972.*

**Hannibal Valdimarsson.**

*Hallgrímur Dalberg.*

## REGLUGERÐ

**um holræsi í Breiðdalsvíkurþorpi í Breiðdalshreppi, Suður-Múlasýslu.**

### 1. gr.

Þegar hreppurinn hefur látið leggja holræsi í veg, götu eða annað opið svæði, eða þar sem hreppurinn hefur tekið að sér viðhald og endurnýjun eldri holræsa, er þeim húseigendum, er þar eiga hús að eða í námunda við, skylt að leggja á sinn kostnað ræsi frá húsinu, er flytji allt skólp frá því út í aðalræsi. Regnvatn af húsum og lóðum skal einnig, eftir því sem unnt er, leiða í ræsi. Vanræki einhver að láta gera holræsi (frá húsi að göturæsi) innan hæfilegs frests, getur hreppsnefnd látið vinna verkið á hans kostnað. Sama gildir, ef húseigandi vanrækir viðhald heim-æðar.

### 2. gr.

Öll framkvæmdastörf, sem holræsakerfi staðarins varða, svo sem: viðhald, endurbætur, viðauka og umsjón alla, annast oddviti, eða annar maður, sem hreppsnefnd felur það, undir hennar umsjón.

Er engum heimilt að leggja ræsi í aðalræsi, nema með leyfi þessara aðila, og er mönnum skylt að hlíta í öllu fyrirmælum þeirra um gerð og legu ræsis og annað þess háttar, er máli skiptir í sambandi við það.

Oddviti annast reikningshald og fjárreiður holræsagerðarinnar.

### 3. gr.

Kostnaður allur við holræsakerfið greiðist úr sveitarsjóði. Til að standast þann kostnað ber hverjum húseiganda, sem tengir heimæð við aðalæð, að greiða tengigjald, samkvæmt ákvörðun hreppsnefndar. Einnig ber hverjum húseiganda, sem á hús við veg, götu eða opið svæði, þar sem holræsi er lagt í, að greiða holræsagjald til hreppsins, sem miðast við fasteignamat húseignanna 0,1% samkvæmt núverandi fasteignamati, þó aldrei lægra en kr. 600.00. Gjöld þessi getur hreppsnefnd hækkað eða lækkað eftir ástæðum um 50% án samþykkis ráðuneytis.